

Akureyrarbær  
B.t. Skipulagssviðs  
Geislagötu 9  
600 Akureyri



Akureyri, 17. september 2019

**Efni: Umsögn um tillögu að breytingum við Glerárskóla.**

Með bréfi dagsettu 14. ágúst 2019 óskar skipulagssvið eftir umsögn Íþróttafélagsins Þórs á fram komnum tillögum að breytingum við Glerárskóla.

Aðalstjórn Íþróttafélagsins Þórs hefur ítrekað fjallað um þessar tillögur og sendir eftirfarandi umsögn:

Af hálfu Íþróttafélagsins Þórs er gerð athugasemd við fram komna tillögu um breytingu á aðalskipulagi.

Teljum við að tillagan hafi hamlandi áhrif á starfsemi íþróttafélagsins til lengri tíma litið og geri félaginu örðugt um vik að vaxa og dafna samfara þéttingu byggðar og fjölgun íbúa á félagssvæðinu.

Tillagan vinnur gegn þeirri stefnu sem mótuð hefur verið af Akureyrarbæ og ÍBA um að efla ákveðna íþróttakjarna með aukinni samvinnu og sameiningu íþróttafélaga með það að markmiði að ná fram hagræðingu í rekstri og öflugri íþróttafélögum.

Tillagan gengur þvert á þá vinnu sem unnin var á vegum Íþróttafélagsins Þórs árin 2017 og 2018 þar sem mótuð var framtíðarsýn íþróttafélagsins með tilliti til þarfa félagsins, íbúapróunar og eflingu íþróttakjarna. Þar var einnig horft sérstaklega til samnýtingar íþróttafélagsins og Glerárskóla á mannvirkjum á svæðinu.

Stefnumótun Íþróttafélagsins Þórs var unnin í samráði við Akureyrarbæ. Tillagan fylgir hér með í viðhengi og er það ósk félagsins að aðalskipulag svæðisins verði í samræmi við þessa tillögu.

Tekið skal fram að Íþróttafélagið Þór styður heils hugar aukið framboð leikskólarýma á félagssvæðinu, en telur jafnframt að því sé hægt að sinna á annan hátt en að ganga á skipulagt íþrótt- og útivistarsvæði. M.a. hefur verið bent á að byggja megi leikskólann í austurátt frá Glerárskóla og ná með því öllum sömu markmiðum og með byggingu vestan við skólann.

Virðingarfyllst,  
f.h. Íþróttafélagsins Þórs

Ingi Björnsson,  
formaður


MÓTTEDIÐ

20. sep. 2019



# LANGTÍMAUPPBYGGING ÍPRÓTTASVÆÐIS ÞÓRS

FRUMSKOÐUN - 22.01.2018



# MÓTTEDIÐ

20. sep. 2019

BYGGINGAFAHLTRÚÍ  
AKUREYRAR

## MÖGULEG FRAMTÍÐAR UPPBYGGING SVÆÐISINS

- A**
- Aðalstöðkoma
  - Móttaka
  - Kaffihús
  - Veislusalur
  - Sjúkrabjálfun
  - Efingasalur
  - Skrifstofur

- B**
- Íþróttahús
  - Handbolti
  - Körfubolti
  - Klifurveggir og klettur
  - O.fl.

- C**
- Sundhöll með 50m sundlaug. Tenging við núv. laug
  - Áhorfendasv.
  - Búningskl.

- D**
- Samfellt yfirborð
  - Körfubolti
  - Sparkvellir
  - Reitabolti
  - Leiksvæði



- E**
- Gervigras
- F**
- Kastæingasv.
- G**
- Efingasvæði fótbolta
  - Mögulegt svæði fyrir frjálsíþr.hús
- H**
- Viðbygging við Bogann.
  - Hýsir:
  - Krullu, Keilu, skotfimi, bogf.
  - Taikwando og Karate
  - Geymslur
  - Áhorfendapallar
- I**
- Byggingarreitur fyrir mögulegar smábúðir
  - Þjálfara og leikmanna

- J**
- Gleráarskóli verði 2.hæða með sameiginlegum grunn- og leikskóla.
- K**
- Gönguleiðir að og frá svæðinu
- P**
- Bílastæði